

## 2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473.

Reglugerð ráðsins nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 17.12.94, bls. 39 - 41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en birtist í „Official Journal of the European Communities“, nr. L 332, 22.12.94, bls. 1 - 3.

## 3. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á ofantöldum reglugerðum skal farið að hætti opinberra mála.

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

## 4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 570 frá 21. október 1994.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. janúar 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Reyðarfjarðarhreppi árið 1996.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hverja tunnu.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hverja tunnu.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sígurbjörg Sæmundsdóttir.*